



Útvistunarstefna

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar



1.gr. Tilgangur og gildissvið

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar er, samkvæmt samþykktum sjóðsins, heimilt að fela öðrum lífeyrissjóði daglegan rekstur og umsýslu sjóðsins að hluta eða öllu leyti.

Stefna þessi er sett með vísan til framangreindra heimilda og með hliðsjón að leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og tilmæla FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Tilgangur hennar er að tryggja faglegt, gegnsætt og samræmt verklag við útvistun verkefna og framkvæmd útvistaðra verkefna og efla eftirlit með þeim.

Stefnan gildir um hvers konar verkefni sjóðsins sem er útvistuð til þriðja aðila. Stefnan er bindandi fyrir stjórn sjóðsins sem og starfsfólk Brúar lífeyrissjóðs sem hefur rekstrarumsjón með sjóðnum.

2.gr. Ábyrgð og framkvæmd

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um hvaða verkefni eru útvistað hverju sinni og til hvaða aðila. Ábyrgð stjórnar á starfsemi sjóðsins er alltaf fyrir hendi þrátt fyrir útvistun verkefna. Framkvæmdastjóri sjóðsins ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.

3.gr. Útvistun á verkefnum

Stefna sjóðsins er að útvista aðeins verkefnum til þjónustuaðila sem hafa nægilega þekkingu og hæfni til að taka að sér útvistuð verkefni.

Við val á útvistunaraðila skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

- hæfni, getu, færni og fagmennsku
- meðmæli og frammistöðu
- hvort viðkomandi sýni fram á að hann geti tekið að sér útvistuð verkefni og unnið með skilvirkum hætti, hafi fullnægjandi eftirlit og geti stýrt áhættum á viðunandi hátt

Útvistun á verkefnum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- leita tilboða og/eða gera verðkannanir
- tilkynna Seðlabanka Íslands - Fjármálaeftirlitinu um útvistun til erlends aðila, notkun skýjaþjónustu og útvistun upplýsingakerfa áður en gengið er frá slíkri ráðstöfun
- upplýsingakerfi og gögn sem eru útvistuð og geymd fyrir utan Ísland (þ.e. á Evrópska efnahagssvæðinu) skulu vera vistuð í Microsoft Azure

Óheimilt er:

- að útvista verkefnum ef útvistun eykur rekstrar- og orðsporsáhættu sjóðsins
- að keðjuútvista upplýsingakerfum lengra en til þriðja aðila
- að keðjuútvista út fyrir Evrópska efnahagssvæðið



4.gr. Útvistunarsamningur

Samningur um útvistun verkefna skal vera skriflegur og taka á eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

- réttindi og skyldur samningsaðila
- hlutverk, umboð og ábyrgð útvistunaraðila
- hlutverk, umboð og ábyrgð starfsmanns útvistunaraðila sem gegnir hlutverki framkvæmdastjóra sjóðsins
- upphaf og lok samnings – gildistími
- tengiliðir, ábyrgðaraðili og með hvaða hætti upplýsingagjöf fer fram
- fjárhæðir og greiðslutilhögun
- hvernig og hvenær atvik/frávik eru tilkynnt
- varðveisla og meðhöndlun gagna
- úrræði ef um vanefndir er að ræða
- meðferð deilumála
- ábyrgð og tryggingar
- eigna- og höfundaréttur hugverka
- ákvæði um reglulega endurskoðun á ákvæðum samnings
- uppsögn og samningsslit
- heimildir til keðjuútvistunar
- aðgangur stjórnar sjóðsins, endurskoðunarnefndar stjórnar, endurskoðanda og Seðlabanka Íslands - Fjármálaeftirlitsins að gögnum sem tengjast verkefninu og starfsstöð þjónustuaðila
- þagnarskylda

5.gr. Eftirlit með útvistuðum verkefnum

Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með því að útvistuðum verkefnum sé sinnt í samræmi við viðkomandi útvistunarsamning. Ef stjórn, framkvæmdastjóri eða starfsfólk útvistunaraðila verða áskynja um að frammistaða þjónustuaðila sé ófullnægjandi eða ekki í samræmi við útvistunarsamning, s.s. hæfi eða hæfni útvistunaraðila, kostnað, lög, reglur og innri reglur, skal stjórn tilkynnt þar um þannig að hún geti gripið til viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar geta verið fólgnar í fresti til úrbóta eða uppsagnar á samningi ef vanefnd er veruleg.

6.gr. Gildistaka, birting og endurskoðun

Stjórn sjóðsins samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Endurskoða skal stefnuna eins oft og þurfa þykir en eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Stefnan er birt á heimasíðu sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 17. apríl 2023